



Bókun byggðaráðs vegna viðgerða og nýbyggingar Grunnskólans á Þórshöfn

Faglausn hefur lagt fram niðurstöður hlutfallsrakamælinga í grunnskólanum. Niðurstöður eru jákvæðar gagnvart byggingum A og B ásamt anddyri (elsta hluta skólans sem gert var við árið 2016). Einnig eru lögð fram frumdrög að kostnaðaráætlun vegna viðgerða á þessum hluta skólans og hugsanlegu niðurrifi byggingar C og nýbyggingu á þeim grunni. Til viðræðna mætti Almar Eggertsson frá Faglausn.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð felur sveitarstjóra, í samráði við hönnuð og starfshóps um endurbætur, að hefja endurbætur á A hluta, B hluta og anddyri. Samkvæmt framlagðri áætlun (viðauki 2) sem hljómar uppá tæpar 190.000.000 kr. Jafnframt að hefja undirbúning að ca. 800 m² nýbyggingu, rifum á C hluta og fjarlægja D hluta. Markmiðið er að A og B verði tækt til kennslu á komandi hausti og byggingarreitur undirbúinn fyrir skólabyrjun. Framkvæmdir verði stilltar af innan núverandi fjárhagsáætlunar. Í nýbyggingu skal auk skólarýma vera rými fyrir almennisbókasafn og aðstaða fyrir menningarstarf. Áfram verður gert ráð fyrir mötuneyti í Þórsveri.